

21. apríl 2020

Fundargerð

2. fundur ungmennaráðs 2020

Fundur haldinn í ungmennaráði á fjarfundaforriti Microsoft Teams 21. Apríl 2020.

Fundur settur kl. 18:30

Mættir: Gunnar, Kristín Ósk Guðmundsdóttir (ungmennapíng), Egill Hermannsson (Ungmennapíng), Ólafía Ósk Svanbergisdóttir (ungmennapíng), Ísabella Rán Bjarnadóttir (Ungmennapíng), Helena Freyja Segler (ungmennapíng), Elín Þórdís Pálsdóttir (Félagsmiðstöðin Zelsiuz), Agnes Ósk Ægisdóttir (Sunnulækjarskóli), Ásrún Aldís Hreinsdóttir (Félagsmiðstöðin Zelsiuz), Sindri Snær Bjarnason (Önnur æskulýðsfélög), Heimir Ingi Róbertsson (ungmennapíng), Emelía Sól Guðmundsdóttir (Ungmennafélag Selfoss)

Vantar: Jakub Oskar Tomczyk (Önnur æskulýðsfélög),

Fundargerð ritar: Gunnar E. Sigurbjörnsson

Eftirfarandi tekið fyrir á fundinum:

1. Ungmennaráð 2020

Búið að fylla meirihluta ráðsins. Vantar frá BES, Vallaskóla, varafulltrúa frá öðrum æskulýðsfélögum og fulltrúa frá UMFS. Staðfestir fulltrúar eru eftirfarandi

- Egill Hermannsson, 20 ára ungmenni á vinnumarkaði. Kosinn á ungmennapíngi.
- Kristín Ósk Guðmundsdóttir, 17 ára nemi. Kosin á ungmennapíngi.
- Ólafía Ósk Svanbergisdóttir, 17 ára nemi. Kosin á ungmennapíngi.
- Heimir Ingi Róbertsson, 17 ára nemi. Kosinn á ungmennapíngi.
- Helena Freyja Segler, 16 ára nemi. Kosin á ungmennapíngi.
- Agnes Ósk Ægisdóttir, 15 ára nemi. Fulltrúi Sunnulækjarskóla
- Elín Þórdís Pálsdóttir, 15 ára nemi. Fulltrúi Zelsiuz
- Sindri Snær Bjarnason, 16 ára nemi. Fulltrúi annarra æskulýðsfélaga
- Jakob Oskar Tomczyk, 16 ára nemi. Fulltrúi annarra æskulýðsfélaga
- Emelía Sól Guðmundsdóttir 17 ára nemi. Fulltrúi ungmennafélags Selfoss
- Ásrún Aldís Hreinsdóttir 16 ára nemi. Fulltrúi ungmennafélags Selfoss

2. Hreinsunaráttak Árborgar 2020

Egill segir frá ósk umhverfisnefndar að ungmennaráð komi með hugmyndir til að styrkja þessa viku. Egill dregur saman hugmyndir ungmennaráðs og kemur þeim áfram.

3. Skipulag vorannar, fundartímar næstu funda og starfsdagur

Starfsdegi frestað. Ákveðið að næsti fundur verði mánudaginn 4. maí næstkomandi í Pakkhúsinu. Einnig hugmynd að nýta fjarfundi í undirbúningi fyrir alþjóðlega verkefnið í ágúst.

4. Alþjóðlegt verkefni (Frakkland, Grikkland og Ísland)

Verkefnið SAMÞYKKT. Fundur í síðustu viku. Stefnt að því að hafa fyrsta hitting á Íslandi í ágúst ef ferðir verða á dagskrá. Grikkland í júlí á næsta ári og Frakkland í ágúst. Næsti fundur eftir 2 vikur.

Förum svo að skipuleggja vettvang þar sem allir þátttakendur geti haft samskipti.

Ungmennaráðið sammála því að stefna á að byrja með verkefnið á Íslandi í ágúst ef það verður hægt.

5. Undirbúningsnefnd fyrir Unglingalandsmót

Ísabella er fulltrúi ásamt Elínu Þórdísi, netfang: elladis2005@gmail.com

Gunnar hefur samband við undirbúningsnefndina til að ýta á að þær fái aðgang að vinnuskjölum.

Var verið að óska eftir því að þessir meðlimir ásamt starfsmanni skipuleggi instagram auglýsingar fyrir viðburðinn. Skipulagður fundur í næstu viku.

6. Ungt fólk og lýðræði – þátttaka fulltrúa frá ungmennaráði Árborgar.

Ný dagsetning er 16. -18. september

Þeir sem hafa áhuga á að koma er: Kristín Ósk, Helena Segler, Elín Þórdís, Ólafía Ósk, Ísabella Rán, Agnes Ósk.

7. Mál – Önnur mál

- engin

Næsti ungmennaráðsfundur verður haldinn í Pakkhúsinu 4. maí kl. 18:15

Fundi slitið kl. 19:20